

Spurning nr. 5 – Svör allra framboða og samantekt

Hver er stefna flokksins í geðheilbrigðismálum og þá sérstaklega þegar horft er til geðheilbrigðismála barna og ungmenna?

Punktur úr svörum framboðanna:

- A – Björt framtíð segir mikilvægt að um geðheilbrigðisstefnuna ríki sátt og samráð. Þau vilja fjölga sálfræðingum í skólum og heilsugæslum og tryggja gjaldfrjálsan aðgang barna og unglinga að sálfræðingum sem og geðlæknum.
 - B – Framsókn fagnar nýrri geðheilbrigðisstefnu. Þau vilja að þjónusta sálfræðinga sem og önnur heilbrigðisþjónusta verði niðurgreidd. Þau sjá fyrir sér geðheilsustöðvar sem hluta af almennri heilsugæslu og geðheilbrigðismiðstöð á landsvísu.
 - C – Viðreisn er er með áherslu á heilsueflingu og forvarnir. Þau vilja bætt aðgengi að sálfræðiþjónustu, ekki síst fyrir börn og unglinga, jafnvel í gegnum netið. Þau vilja heilsueflandi skóla þar sem hugað er að hreyfingu, næringu og geðrækt.
 - D – Sjálfstæðisflokkurinn vísar í nýsamþykka geðheilbrigðisstefnu. Þau vilja auka framboð sálfræðiþjónustu í heilsugæslunni, koma á fót geðheilsuteymum og styrkja BUGL. Vilja stofna teymi til að styðja við fjölskyldur, áhersla á geðrækt í skólum og að skimað verði fyrir kvíða og þunglyndi hjá grunnskólabörnum og viðeigandi meðferð veitt.
 - P – Píratar vilja að sálfræðiþjónusta verði niðurgreidd og hluti af almennu heilbrigðiskerfi. Þau segja að heilbrigðiskerfið verði að þjónusta alla, sérstaklega þá sem eru í viðkvæmri stöðu.
 - R – Alþýðufylkingin byggir stefnu sína á félagslegu réttlæti og öryggi sem mun styrkja almenna geðheilsu allrar þjóðarinnar.
 - S – Samfylkingin vill að geðheilbrigðisþjónusta verði aðgengileg fyrir alla og að sálfræðiþjónusta verði ókeypis fyrir ungt fólk. Þau vilja auka fjármagn til BUGL og þjónustu við geðsjúka á Akureyri. Þau ætla að koma geðheilbrigðisstefnunni í framkvæmd og gera heilbrigðisþjónustu ókeypis í skrefum, þ.á m. kostnað geðlækna.
 - T – Dögun vilja stórefla heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, þ.á m. þjónustu geðlækna og sálfræðinga. Vilja að kerfin vinni saman svo börn fái heildstæða þjónustu og séu ekki send á milli stofnana.
 - V – Vinstri græn vilja gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu og að geðheilbrigðisþjónusta verði aukin og gerð aðgengileg fyrir börn og ungmenni. Þau leggja áherslu á nærþjónustu, forvarnir og endurhæfingu.
-

Spurning nr. 5 – Svör allra framboða og samantekt

A – Svar frá Bjartri Framtíð:

Geðheilbrigðismál eru ein af stærstu viðfangsefnum heilbrigðisþjónustunnar og þá ekki síst þegar kemur að börnum og ungmennum. Nú var geðheilbrigðisstefna og áætlun til fjögurra ára samþykkt einróma á þingi síðastliðið vor og er það mjög jákvætt skref sem ber að fagna. Þar eru sett upp markmið og aðgerðir sem ætlað er að stórefla greiningar og úrræði og taka á þessum mikilvæga málaflokki og er ekki vanþörf á. Það er mjög mikilvægt að um þessa stefnu ríki sátt og samráð og samvinna við fagaðila á sviði geðheilbrigðismála er algert lykilatriði til að þessi mál fái það vægi sem eðlilegt er. Fjölgja þarf sálfræðingum í skólum og á heilsugæslum og tryggja þarf gjaldfrjálsan aðgang barna og ungmenna að þeim sem og að geðlæknum. Það hlýtur að vera forgangsmál að aðgengi að sálfræðingum og geðlæknum sé tryggt á öllu landinu, núverandi staða í þessum málum er algerlega óviðunandi.

B – Svar frá Framsóknarflokknum:

Framsóknarmenn fagna þeim árangri sem náðst hefur við mótun geðheilbrigðisstefnu. Fagna ber frumkvæði Framsóknarflokksins í því að efla forvarnir, skimun og leggja áherslu á greiningu og þrepaskipta meðferð með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að þjónusta sálfræðinga verði niðurgreidd eins og önnur heilbrigðisþjónusta.

Við viljum heilbrigðisþjónustu sem tryggir sem jafnast aðgengi óháð búsetu og að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður. Við sjáum fyrir okkur geðheilsustöðvar sem hluta af almennri heilsugæslu og geðheilbrigðismiðstöð á landsvísu sem tryggi samræmingu vinnubragða og stuðning við fagaðila.

C – Svar frá Viðreisn:

Áhersla á heilsueflingu og forvarnir er grunnstef í heilbrigðisstefnu Viðreisnar. Meðal þess sem við viljum leggja aukna áherslu á er meðhöndlun geðrænna vandamála og forvarnir í tengslum við þau. Þar leikur bætt aðgengi að sálfræðiþjónustu stórt hlutverk, ekki síst hvað varðar börn og

Spurning nr. 5 – Svör allra framboða og samantekt

unglinga. Til athugunar er t.d. að auka frekar aðgengi að slíkri þjónustu netleiðis.

Geðraskanir eru orðnar algengasta orsök örorku hér á landi. Þessi þróun er alvarlegust í yngri aldurshópum. Eins vitum við að stærstur hluti þeirra geðraskana sem fólk glímir við á fullorðinsárum hefur komið fram fyrir 25 ára aldur. Það er því nauðsynlegt fyrir okkur sem samfélag að finna leiðir til að efla geðheilsu og vellíðan barna og unglunga. Hér teljum við m.a. mikilvægt að hafa hugmyndafræði heilsueflandi skóla til hliðsjónar við þróun skólustarfs þar sem hugað verður að hreyfingu nemenda, næringu og geðrækt.

Jafnrétti er leiðarstef í allri stefnumótun Viðreisnar. Jafnréttissjónarmið eiga að vera til hliðsjónar í allri kennslu til að vinna markvisst gegn staðalmyndum og kynjahyggju. Sú nálgun er mikilvæg til að uppræta rótgróna fordóma í samfélaginu sem m.a. hafa beinst gegn fólki með geðræn vandamál.

D – Svar frá Sjálfstæðisflokknum:

Fyrr á þessu ári samþykkti Alþingi, undir forystu Sjálfstæðisflokksins, í fyrsta sinn og samhljóða stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum.

Stefnan felur í sér framtíðarsýn og skilgreind markmið um bættu geðheilbrigðisþjónustu.

Meginmarkmið stefnunnar er að stuðla að aukinni vellíðan og betri geðheilsu og virkari samfélagsþátttöku einstaklinga sem glíma við geðraskanir til lengri eða skemmri tíma.

Í því skyni eru sett fram undirmarkmið sem fela í sér að þjónusta við einstaklinga sé samþætt og samfelld, að uppeldisskilyrði barna stuðli að vellíðan þeirra og að einstaklingum sé ekki mismunað á grundvelli geðheilsu.

Til að ná framantöldum markmiðum er m.a. lagt til að lögfest verði skylda um að ríki og sveitarfélög geri með sér samkomulag um hvernig þau muni sinna sameiginlega þjónustu við fólk með geðvanda. Þá er lagt til að framboð sálfræðiþjónustu í heilsugæslu verði aukið, komið verði á fót geðheilsuteymum, barna- og unglingageðdeild Landspítala verði styrkt og einnig að stuðningur við börn sem eiga foreldra með geðvanda verði aukinn. Loks er tillaga um að byggja upp þekkingu starfsfólks á hjúkrunarheimilum vegna þjónustu við íbúa með geðraskanir.

Spurning nr. 5 – Svör allra framboða og samantekt

Aðgerðir varðandi bætt uppeldisskilyrði barna byggjast einkum á forvörnum. Lagt er til m.a. að teymi verði stofnað til að sinna ráðgjöf og styðja foreldra og fjölskyldur, stuðlað verði að markvissri geðrækt í skólum, skimað verði fyrir kvíða og þunglyndi meðal grunnskólabarna og viðeigandi meðferð veitt eftir þörfum og leitað verði árangursríkra meðferða til að draga úr sjálfsvígum meðal ungmenna.

Þess má og geta að Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins tók þennan málaflokk sérstaklega á dagskrá í sjónvarpsumræðum í upphafi kosningabaráttunnar og sagði afar brýnt að sinna honum vel. Bjarni benti á að við værum að missa alltof margt ungt fólk í örorku af því ekki væri brugðist við á fyrstu stigum vandans og við því yrði að bregðast.

Stefnuna er hægt að sjá hér: <http://www.althingi.is/altext/145/s/1217.html>

E - Svör frá Íslensku þjóðfylkingunni:

Engin svör bárust.

F - Svör frá Flokki fólksins:

Engin svör bárust.

H - Svör frá Húmanistaflokknum:

Engin svör bárust.

Spurning nr. 5 – Svör allra framboða og samantekt

P – Svar frá Pírötum:

Stefna Pírata er sú að sálfræðipjónusta verði hluti af almennu heilbrigðiskerfi og niðurgreitt sem slíkt. Endurreisn heilbrigðiskerfisins verður að hefjast þegar í stað og er það forgangsatriði hjá Pírötum. Heilbrigðiskerfið á að þjónusta alla og þá verður sérstaklega að hugsa til þeirra sem eru í viðkvæmari aðstöðu, og börn og ungmenni þá sérstaklega.

R – Svar frá Alþýðufylkingunni:

Fyrir utan að byggja upp sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu á spítölum, í heilsugæslunni og í skólum, um allt land, þá teljum við að stefna okkar um félagslegt réttlæti og öryggi, t.d. að enginn þurfi að örvænta um að missa heimilið sitt vegna sligandi kostnaðar eða neita barninu sínu um tómsundur - að sú stefna muni almennt draga úr kvíða, öfund, vonbrigðum, vanmáttarkennd, skömm og fleiri tilfinningum sem oft fylgja fátækt. Vanlíðan foreldra hefur auðvitað líka bein áhrif á börn. Með öðrum orðum: Meira félagslegt réttlæti styrkir almenna geðheilsu allrar þjóðarinnar.

S – Svar frá Samfylkingunni:

Eitt af helstu málum Samfylkingarinnar í kosningabaráttunni er að hér á landi verði rekið heilbrigðiskerfi í fremstu röð. Markmið okkar um betri heilbrigðisþjónustu og átak í geðheilbrigðismálum eru skýr. Samfylkingin ætlar að gera geðheilbrigðisþjónustu aðgengilega fyrir alla og sálfræðipjónustu ókeypis fyrir ungt fólk.

Samfylkingin ætlar að auka fjármagn sem fer til Landspítalans, þar með talið Barna- og unglingsgeðdeildar (BUGL), og Sjúkrahússins á Akureyri þar sem bráða- og göngudeildarþjónusta er við geðsjúka.

Við ætlum að koma í framkvæmd geðheilbrigðisstefnunnar sem Samfylkingarfólk vann að á Alþingi og var samþykkt í vor. Þá ætlum við að gera heilbrigðisþjónustuna ókeypis í nokkrum öruggum skrefum, og strax á næsta ári mun kostnaður sjúklunga lækka niður í 35 þúsund krónur á ári, þar á meðal kostnaður vegna þjónustu geðlækna.

Spurning nr. 5 – Svör allra framboða og samantekt

Annað sem skiptir allar barnafjölskyldur máli er að við í Samfylkingunni ætlum að tvöfalda stuðning ríkisins við barnafjölskyldur til að bæta kjör allra barnafjölskyldna og útrýma barnafátækt. En árið árið 2014 liðu 6.100 börn efnislegan skort á Íslandi. Það er algerlega óviðunandi þegar ríkasta 1% landsmanna á 507 milljarða í hreinni eign.

T – Svar frá Dögun:

Það þarf að stórefla heilbrigðisþjónustu í heimabyggð og þ.á m á að sjálfsögðu að vera hægt að komast til geðlæknis og sálfræðings en þarna er pottur víðast hvar brotinn, fólk þarf iðulega að leita til höfuðborgarsvæðisins eftir þessari þjónustu. Að auki á fólk rétt til þess að vera með sinn heimilislækni en það er sko alls ekki raunin á landsbyggðinni. Einnig þurfa kerfin þ.e. skólakerfi, heilbrigðiskerfið og félagslega kerfið að vinna betur saman svo börn og ungmenni geti fengið heildstæða þjónustu en séu ekki send á milli stofnanna.

V – Svar frá Vinstri hreyfingunni grænu framboði:

VG leggur áherslu á að sálfræðiþjónusta verði gjaldfráls og að sálfræði- og geðheilbrigðisþjónusta verði sérstaklega aukin og gerð aðgengilegri fyrir börn og ungmenni. Við teljum að geðheilbrigðisþjónustu verði að efla sem nærþjónustu og leggja mun meiri áherslu á forvarnir og endurhæfingu.
